

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1027****2019/EES/15/02****frá 19. júlí 2018****um breytingu á tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar einangrunarfjarlægð fyrir *Sorghum* spp. (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽¹⁾, einkum 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skilyrðin fyrir fræframleiðslu, sem kveðið er á um í tilskipun 66/402/EBE, byggjast á alþjóðlegum stöðlum í kerfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar um fræ.
- 2) Á árlegum fundi Efnahags- og framfarastofnunarinnar 2017 um kerfi um fræ var staðlinum fyrir einangrunarfjarlægð, að því er varðar ræktun *Sorghum* spp., breytt sérstaklega til að taka tillit til svæða þar sem tilvist *S. halepense* eða *S. sudanense* er sérlegt vandamál að því er varðar víxlfraevingu.
- 3) Því ætti að breyta tilskipun 66/402/EBE til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.***Breytingar á tilskipun 66/402/EBE**

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 66/402/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.***Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2019.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 184, 20.7.2018, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað 2. liðar I. viðauka við tilskipun 66/402/EBE komi eftirfarandi:

„2. Ræktunin skal uppfylla eftirfarandi staðla um fjarlægð frá nálægum frjógjöfum sem getur orsakað óæskilega aðfrævnun:

Ræktun	Lágmarksfjarlægð
<i>Phalaris canariensis</i> , <i>Secale cereale</i> , að undanskildum blendingum:	
— við framleiðslu stofnfræs	300 m
— við framleiðslu vottaðs fræs	250 m
<i>Sorghum</i> spp.	
— við framleiðslu stofnfræs (*)	400 m
— við framleiðslu vottaðs fræs (*)	200 m
<i>xTriticosecale</i> , sjálffrævandi yrki	
— við framleiðslu stofnfræs	50 m
— við framleiðslu vottaðs fræs	20 m
<i>Zea mays</i>	200 m

(*) Á svæðum þar sem tilvist *S. halepense* eða *S. sudanense* er sérlegt vandamál að því er varðar víxlfrævingu gildir eftirfarandi:

- ræktun til framleiðslu á stofnfræi *Sorghum bicolor* eða blendingum þess skal vera einangruð í a.m.k. 800 m fjarlægð frá öllum slíkum mengandi frjógjöfum,
- ræktun til framleiðslu á vottuðu fræi *Sorghum bicolor* eða blendingum þess skal vera einangruð í a.m.k. 400 m fjarlægð frá öllum slíkum mengandi frjógjöfum.

Víkja má frá lágmarksfjarlægðunum, sem tilgreindar eru í töflunni hér á undan, ef næg vernd gegn óæskilegri aðfrævnun er fyrir hendi.“